



Afkoma annars ársfjórðungs 2024

Íslandsbanki hf.

HELSTU ATRIÐI Í AFKOMU

Helstu atriði í fjárhagslegri afkomu annars ársfjórðungs 2024 (2F24)

- Hagnaður af rekstri nam 5,3 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi 2024 (2F23: 6,1 milljarðar króna). Arðsemi eigin fjár var 9,7% á ársgrundvelli (2F23: 11,5%).
- Hreinar vaxtatekjur voru hærrí en spár greinenda gerðu ráð fyrir og námu 12,5 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi 2024. Það er samdráttur um 1,0% frá 12,6 milljörðum króna á 2F23.
- Vaxtamunur var 3,1% á öðrum ársfjórðungi, samanborið við 3,2% á sama ársfjórðungi 2023.
- Hreinar þóknatekjur lækkuðu um 4,8% samanborið við annan ársfjórðung 2023 og námu samtals 3,4 milljörðum króna á fjórðungnum.
- Hrein fjármagnsgjöld námu 499 milljónum króna á öðrum ársfjórðungi 2024, samanborið við fjármagnsgjöld að fjárhæð 559 milljónir króna á 2F23.
- Stjórnunarkostnaður nam 7,3 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi 2024, samanborið við 6,7 milljarða króna á 2F23, sem er 8,4% hækkun milli ára. Undanskildar eru gjaldfærslur á hvorum ársfjórðungi vegna stjórnvaldssekta, að fjárhæð 470 milljónir króna vegna 2F24 og 860 milljónir króna vegna 2F23.
- Kostnaðarhlutfall bankans var 46,4% á fjórðungnum. Kostnaðarhlutfallið var 42,6% á 2F23. Hlutföllin undanskilja í báðum tilvikum gjaldfærslur vegna greiðslu stjórnvaldssektar á hvorum fjórðungi.
- Virðisbreyting fjáreigna var jákvæð um 137 milljónir króna á öðrum ársfjórðungi 2024 samanborið við jákvæða virðisbreytingu um 1.245 milljónir króna á öðrum ársfjórðungi 2023. Áhættukostnaður útlána (e. cost of risk) var -0,04 prósentustig á ársgrundvelli á öðrum ársfjórðungi 2024 samanborið við -0,40 prósentustig á sama ársfjórðungi 2023.
- Útlán til viðskiptavina jukust um 28,3 milljarða króna á fjórðungnum, eða um 2,3% frá fyrsta ársfjórðungi og voru 1.277 milljarðar króna í lok annars ársfjórðungs 2024.
- Innlán frá viðskiptavinum jukust um 36,6 milljarða króna á öðrum ársfjórðungi ársins 2024 frá fyrsta ársfjórðungi 2024, eða um 4,2%. Innlán frá viðskiptavinum námu 916 milljörðum króna í lok fjórðungsins.
- Eigið fé nam 216,5 milljörðum króna í lok ársfjórðungsins, samanborið við 224,7 milljarða króna í lok árs 2023.
- Eiginfjárhlutfall var 23,1% í lok annars ársfjórðungs 2024, samanborið við 25,3% í árslok 2023. Samsvarandi eiginfjárhlutfall almenns þáttar 1 (CET1) var 19,9%, samanborið við 21,4% í árslok 2023, sem er 450 punktum yfir kröfum eftirlitsaðila, og herra en fjárhagslegt markmið bankans um að vera með 100-300 punkta eiginfjár svigrúm umfram kröfum eftirlitsaðila.

Helstu atriði í fjárhagslegri afkomu á fyrri helmingi ársins ársfjórðungs 2024 (1H24)

- Hagnaður af rekstri bankans á fyrri helmingi ársins 2024 nam 10,7 milljörðum króna (1H23: 12,4 milljarðar króna). Arðsemi eigin fjár var 9,8% á ársgrundvelli (1H23: 11,4%).
- Hreinar vaxtatekjur á fyrri helmingi ársins námu 24,6 milljörðum króna, sem er samdráttur um 1,7% milli ára.
- Hreinar þóknatekjur drógust saman um 4,9% milli ára, og námu 6,7 milljörðum króna á fyrri helmingi ársins, samanborið við 7,1 milljarða króna á fyrri helmingi síðasta árs.
- Hrein fjármagnsgjöld voru 735 milljónir króna á fyrri helmingi ársins 2024, samanborið við fjármagnsgjöld að fjárhæð 21 milljón króna á sama helmingi í fyrra.
- Stjórnunarkostnaður var 14,7 milljarðar króna fyrstu sex mánuði ársins, ef frá er talin 470 milljón króna stjórnvaldssekt sem gjaldfærð var á öðrum ársfjórðungi, samanborið við 13,7 milljarða króna stjórnunarkostnað á fyrri hluta árs 2023, ef frá er talin gjaldfærsla að fjárhæð 860 milljónir króna vegna stjórnvaldssektar.
- Kostnaðarhlutfall bankans hækkaði úr 42,3% á fyrri hluta árs 2023 í 45,6% á fyrri hluta ársins 2024.
- Virðisrýrnun á fjáreignum nam 567 milljónum króna á fyrri helmingi ársins, en virðisbreyting fjáreigna var jákvæð um 570 milljónir króna fyrir sama tímabil árið áður.



Lykiltölur

		2F24	1F24	4F23	3F23	2F23
REKSTUR	Hagnaður tímabils, m.kr.	5.266	5.417	6.228	6.007	6.139
	Arðsemi eigin fjár	9,7%	9,8%	11,2%	11,0%	11,5%
	Vaxtamunur (af heildareignum)	3,1%	3,0%	2,9%	2,9%	3,2%
	Kostnaðarhlutfall ^{1,2}	46,4%	44,9%	42,1%	39,0%	42,6%
	Áhættukostnaður útlána ³	(0,04%)	0,23%	0,33%	0,19%	(0,40%)
		30.6.24	31.3.24	31.12.23	30.9.23	30.6.23
EFNAHAGUR	Útlán til viðskiptavina, m.kr.	1.276.608	1.248.295	1.223.426	1.210.499	1.237.758
	Eignir samtals, m.kr.	1.595.896	1.643.707	1.582.694	1.643.600	1.593.239
	Áhættuvegnað eignir, m.kr.	1.019.494	1.015.161	977.032	986.355	1.015.197
	Innlán frá viðskiptavinum, m.kr.	916.127	879.554	850.709	864.189	816.641
	Útlán til viðskiptavina / innlán frá viðskiptavinum	139%	142%	144%	140%	152%
	Hlutfall lána með laskað láns hæfi ⁴	1,8%	1,9%	1,8%	1,8%	1,7%
LAUSAFÉ	Fjármögnunarhlutfall (NSFR), allir gjaldmiðlar	123%	127%	124%	120%	119%
	Lausafjárþekjuhlfall (LCR), allir gjaldmiðlar	190%	190%	195%	247%	259%
EIGIÐ FÉ	Eigið fé samtals, m.kr.	216.501	215.718	224.693	219.694	215.524
	Eiginfjárlutfall almenns þáttar ⁵	19,9%	19,9%	21,4%	20,9%	20,0%
	Eiginfjárlutfall þáttar ⁵	20,9%	20,9%	22,5%	21,9%	20,9%
	Eiginfjárlutfall ⁵	23,1%	23,6%	25,3%	24,6%	23,2%
	Vogunarlutfall ⁵	13,0%	12,6%	13,4%	12,7%	12,8%
	MREL hlutfall ⁶	35,6%	39,1%	41,3%	39,2%	38,4%

1. Reiknað sem (stjórnunarkostnaður – einskíptisliðir) / (heilðarrekstrartekjur – einskíptisliðir).

2. Kostnaðarhlutfall á 2F24 undanskilur stjórnvaldssekt að fjárhæð 470 m.kr og kostnaðarhlutfall á 2F23 undanskilur stjórnvaldssekt að fjárhæð 860 m.kr. Kostnaðarhlutfall á 4F23 innihélt gjaldfærslu vegna stjórnvaldssektar að fjárhæð 100 m.kr. Hlutfallið hefur nú verið uppfært.

3. Neikvæður áhættukostnaður merkir að það hafi verið nettó tekjufærsla úr virðisrýrnunarsjóði.

4. Stig 3, útlán til viðskiptavina, vergt bókfært virði.

5. Að meðtöldum 1F24 hagnaði fyrir 31.3.24 og 3F23 hagnaði fyrir 30.9.23.

6. MREL hlutfallið er birt að meðtöldu almennu eiginfé þáttar 1 sem er haldið til að mæta samanlagðri kröfu um eiginfjáruka.

Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri Íslandsbanka

Hagnaður af rekstri Íslandsbanka á öðrum ársfjórðungi nam 5,3 milljörðum króna og var arðsemi eigin fjár á fjórðungnum 9,7%, sem hvort tveggja er í línu við spár greinenda. Kostnaður jókst frá sama fjórðungi í fyrra og var kostnaðarhlutfall á fjórðungnum 46,4%, sem er hærra en markmið bankans um að hlutfallið sé undir 45%. Verðbólgan hefur reynst vera þrálát en væntingar standa til að hún fari minnkandi á komandi mánuðum. Vaxtastig er enn hátt og benda vísar til samdráttar í einkaneyslu og merki eru um að núverandi umhverfi sé farið að hafa áhrif á getu lántaka til að standa skil á skuldbindingum sínum. Bankinn mun fylgjast vel með þróun mála á síðari hluta ársins, bæði hvað varðar horfur í efnahagsmálum almennt en ekki síður hjá viðskiptavinum sínum.

Bankinn stendur á traustum grunni, bæði ef horft er til eiginfjár- og lausafjárstöðu. Endurkaup á eigin hlutabréfum bankans héldu áfram á fjórðungnum, bæði í hefðbundnum endurkaupum og með tilboðsfyrirkomulagi. Endurkaup eigin bréfa er eitt af þeim skrefum sem bankinn tekur til að besta samsetningu efnahagsreiknings, sem ætlunin er að ljúka fyrir lok árs 2025, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Fjármögnun bankans hefur einnig gengið vel. Endurkaup á 300 milljón evra skuldabréfaútgáfu á gjalddaga í maí 2026 var mikilvægur áfangi í að lækka vaxtakostnað bankans. Skuldabréfin voru gefin út á öðrum ársfjórðungi síðasta árs, þegar kjör á erlendum útgáfum íslensku bankanna voru með hæsta móti. Þá tilkynnti Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands um ákvörðun sína um eiginfjárpörf bankans, og var niðurstaðan sú að viðbótareiginfjárpörf hans undir stoð 2 lækkaði um 0,6 prósentustig frá fyrra ári, eða í 1,8% af áhættugrunni. Endurspeglar það sterkan efnahagsreikning bankans, bæði út frá lánasafni sem og hóflegri markaðsáhættu.

Það sem af er ári hafa bæði alþjóðlegu lánsþæfismatsfyrirtækin sem meta lánsþæfi bankans birt niðurstöður árlegs mats á stöðu og rekstri bankans, en S&P Global Ratings hækkaði lánsþæfismat bankans í apríl í BBB+ úr BBB og Moody's Ratings (Moody's) staðfesti í byrjun júlí A3 lánsþæfismatseinkunn bankans. Báðar einkunnir eru á stöðugum horfum.

Undirbúningur fyrir Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka er í fullum gangi og hefur skráning í hlaupið og áheitasöfnun það sem af er gengið enn betur en í fyrra. Íslandsbanki er stoltur aðalstyrktaraðili maraþonsins og er tilhlökkunin mikil að fagna fjörutíu ára afmæli viðburðarins í miðbæ Reykjavíkur þann 24. ágúst næstkomandi.

Helstu atriði úr rekstri á öðrum ársfjórðungi 2024 (2F24)

- Þann 31. maí 2024 tilkynnti bankinn að hann hefði þegið boð fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um að ljúka máli sem hófst árið 2022 sem úttekt á peningaþvættisvörnum með samkomulagi um sátt og greiðslu 570 milljón króna sektar til ríkissjóðs. Bankinn gjaldfærði 470 milljónir króna vegna málsins á öðrum ársfjórðungi en hafði gjaldfært 100 milljónir króna í ársuppgjöri 2023.
- Í maímánuði birti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit sitt um túlkun á tilteknum ákvæðum í tilskipunum sem teknar hafa verið inn í EES-samninginn og varða skilmála fasteignalána bankans og hvernig breytilegir vextir eru ákvarðaðir. Óskað var ráðgefandi álits í máli sem rekið er fyrir héraðsdómi. Í áliti EFTA-dómstólsins kemur fram að skilmálar fasteignalána verði að vera nægjanlega skýrir við lýsingu á þeim aðferðum sem notaðar eru við útreikning á vöxtum. Séu skilmálar óskýrir að þessu leyti, teljast þeir vera í andstöðu við ákvæði tilskipunar nr. 2014/17/ESB um fasteignalán til neytenda. Þá kom fram að það sé íslenskra dómstóla að skera úr um, með hliðsjón af málsatvikum í hverju máli fyrir sig, hvort samningskilmálar um fasteignalán með breytilegum vöxtum uppfylli kröfur tilskipunarinnar um skýrleika, aðgengileika, hlutlægni og sannreynanleika. Bankinn telur að skilmálar fasteignalána og annarra lána sem hann býður uppfylli nefnd skilyrði tilskipunar um fasteignalán til neytenda og íslenska löggjöf. Þá má þess geta að hækkun bankans á breytilegum vöxtum á þeim fasteignalánum sem deilan snýst um voru lægri en breytingar á stýrivöxtum á sama tímabili. Eftir birtingu ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins heldur málsmeðferð umrædds dómsmál áfram fyrir héraðsdómi.
- Bankinn nýtti tækifærið í júnímánuði og bauðst til að kaupa til baka 300 milljón evra 7,375% skuldabréfaútgáfu sína sem var á gjalddaga í maí 2026. Ráðist var í útgáfuna á öðrum ársfjórðungi 2023 þegar kjör voru í sögulegu hámarki sem leiddi af sér mikinn vaxtakostnað fyrir bankann. Tilboðið hlaut hljómgrunn hjá 91% af eigendum skuldabréfanna sem varð til þess að bankinn ákvað að nýta heimild sína til að kaupa upp alla útgáfuna á pari.
- Bankinn hélt endurkaupum á eigin bréfum áfram á öðrum ársfjórðungi og keypti bankinn alls 44,2 milljónir hluta, sem samsvarar 2,21% af útgefnu hlutafé. Kaupverð fyrir eigin hluti á fjórðungnum nam 4,3 milljörðum króna. Endurkaupin fóru annars vegar fram á grundvelli hefðbundinnar endurkaupaáætlunar sem var framhaldið á fjórðungnum og hins vegar með öfugu tilboðsfyrirkomulagi, þar sem bankinn gerði hluthöfum bankans tvívegis tilboð um endurkaup eigin hlutabréfa.
- Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands tilkynnti um niðurstöðu mats í könnunar- og matsferli (SREP) vegna viðbótar eiginfjárkröfu undir stoð 2-R (e. Pillar 2-R). Frá og með 30. júní 2024 skal bankinn viðhalda viðbótareiginfjárkröfu sem nemur 1,8% af áhættugrunni, sem er lækkun um 0,6 prósentustig frá fyrra mati. Heildareiginfjárfra bankans, að teknu tilliti til eiginfjárouka 30. júní 2024, lækkar við það úr 20,3% í 19,7%.
- Fróði, spjallmenni bankans, fékk annað árið í röð verðlaun fyrir að vera viðkunnanlegasta spjallmennið (e. most likeable virtual agent) á Boost Camp 2024, árlegri ráðstefnu Boost.ai, þjónustuaðila Fróða.
- Seðlabanki Íslands gerði ekki breytingar á stýrivöxtum á fjórðungnum og voru þeir 9,25% á tímabilinu. Íslandsbanki gerði hóflegar breytingar á vöxtum á sama tímabili, bæði að því er varðar útlán og innlán. Næsta stýrivaxtaákvörðun Seðlabanka Íslands liggur fyrir 21. ágúst næstkomandi.

Atriði úr rekstri eftir að ársfjórðungi lauk

- Íslandsbanki hélt framkvæmd 10 milljarða króna endurkaupaáætlunar sinnar áfram eftir að ársfjórðungnum lauk. Tilkynnt var um nýja umferð endurkaupa þann 14. júní 2024. Markmiðið er að kaupa að hámarki 11 milljón hluti, sem jafngildir 0,55% af útgefnu hlutafé bankans. Kaupverðið í umferðinni skal þó ekki vera hærra en 1.000.000.000 krónur í heild. Frá upphafi árs 2024 og fram til 19. júlí hafði bankinn keypt rétt um 62 milljónir eigin bréfa og greitt fyrir þau 6,3 milljarða króna. eru þá talin með eigin bréf sem keypt voru í endurkaupum með öfugu tilboðsfyrirkomulagi.

- Eftir að öðrum ársfjórðungi lauk staðfesti alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækið Moody's A3 lánshæfismati bankans. Horfur eru stöðugar.

Afkomuefni

Ítarlegri umfjöllun um rekstur og afkomu Íslandsbanka má finna í enskri útgáfu fréttatilkynningarinnar sem finna má í viðhengi (íslenska útgáfan veitir aðeins yfirlit yfir helstu þætti uppgjörans, fjárfestafund og fjárhagsdagatal). Sé misræmi á milli tilkynninga á íslensku annars vegar og ensku hins vegar, gildir [enska útgáfan](#).

Fyrirvari

Framangreind fréttatilkynning gæti vísað til spár um framtíðarhorfur sem er háð áhættu- og óvissuþáttum og getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í þessari fréttatilkynningu. Íslandsbanki hf. hefur ekki skyldu til að, og mun ekki, uppfæra þessar spár um framtíðarhorfur félagsins til að endurspegla atburði og aðstæður sem eiga sér stað eftir útgáfu þessarar fréttatilkynningar. Það er á ábyrgð fjárfestis að reiða sig ekki seinna meir á spár um framtíðarhorfur sem eru settar fram í þessari fréttatilkynningu þar sem þær eiga eingöngu við á þeim tíma sem hún er gefin út. Spár um framtíðarhorfur gefa ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur og eru allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins fullgildar í heild sinni með tilliti til þessa fyrirvara.

FJÁRFESTATENGL

Vefstreymi föstudaginn 26. júlí 2024

Íslandsbanki mun halda afkomufund/vefstreymi föstudaginn 26. júlí 2024 kl. 8.30 fyrir fjárfesta og markaðsaðila. Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri og Ellert Hlöðversson, fjármálastjóri munu kynna afkomu bankans og helstu atriði í rekstri hans á öðrum ársfjórðungi ársins 2024. Fundurinn fer fram á ensku.

Fundurinn verður aðgengilegur í gegnum hlekk á vefsvæði [fjárfestatengsla](#) á vef bankans. Upptaka af fundinum verður aðgengileg á sama stað að honum loknum. Þátttaka, og möguleikinn á að bera fram skriflegar spurningar, fer fram á [þessari síðu](#). Markaðsaðilar geta einnig hringt inn á fundinn og lagt fram spurningar munnlega með því að skrá sig á [þessari síðu](#). Að skráningu lokinni færðu afhent símanúmer og auðkenni fyrir fundinn. Allar upplýsingar um fundinn má finna [hér](#).

Nánari upplýsingar veita fjárfestatengsl Íslandsbanka í gegnum netfangið ir@islandsbanki.is.

Fjárhagsdagatal

Stefnt er á að birta árshlutauppgjör fyrir 3. ársfjórðung þann 23. október 2024. Vinsamlegast athugið að dagsetningin er birt með fyrirvara um breytingar.

Fjárfestaefni

Allt fjárfestaefni mun verða birt á [vefsvæði fjárfestatengsla](#) þar sem upplýsingar um fjárhagsdagatal og þögl tímabil eru einnig aðgengilegar.